

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2018, 7. maí, var haldinn 77. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð og hófst kl. 13:36. Fundinn sátu, Halldór Auðar Svansson, , Diljá Ámundardóttir, Eva Einarsdóttir, Eva Baldursdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Skúli Helgason, Örn Þórðarson, Herdís Anna Þorvaldsdóttir og áheyrnarfulltrúinn Jón Ingi Gíslason. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Óskar J. Sandholt, Tinna Garðarsdóttir, Stefán Eiríksson. Fundarritari var Theódóra Sigurðardóttir.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á málum hjá umboðsmanni borgarbúa á fyrsti ársfjórðungur ársins 2018.

Ingi B. Poulsen tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

2. Fram fer kynning á kosningaverkefninu, Ég kys.

Anna Kristinsdóttir, Helga Björk Laxdal og Hrefna Hallgrímsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið.

- Kl. 14:41 tekur Eva Einarsdóttir sæti á fundinum og Diljá Ámundardóttir vikur.

3. Lögð fram tillaga stjórnkerfis- og lýðræðisráðs, dags. 7. maí 2018, um stöðu hverfisráða í skipuriti Reykjavíkurborgar og drög að nýjum samþykktum hverfisráða, sbr. 3. lið fundargerðar stjórnkerfis- og lýðræðisráðs frá 24. apríl 2018 og 14. lið fundargerðar borgarráðs frá 12. apríl 2018. Samþykkt og vísað til forsætisnefndar.

Fulltrúi Samfylkingarinnar, Eva Baldursdóttir, leggur fram svohljóðandi bókun:

Breytt fyrirkomulag hverfisráða hefur lengi verið til umræðu hjá stjórnkerfis – og lýðræðisráði. Fulltrúi Samfylkingarinnar í ráðinu samþykkir breytingar en þykir miður að ekki sé gengið lengra við að styrkja stöðu hverfisráðanna. Tillögur hafa legið fyrir um langt skeið um breytta skipan hverfisráða. Ein tillaga hefur m.a. verið að skylda borgarfulltrúa til að sitja í hverfisráðum, þannig að meiri tenging sé á milli hverfa og miðlægs reksturs borgarinnar. Þá láu fyrir tillögur um beina kosningu fulltrúa og að einn fulltrúi skyldi valinn með slembivali til að sitja í ráðinu. Fulltrúi Samfylkingarinnar leggur áherslu á að þær tillögur nái fram að ganga enda til þess fallnar að styrkja lýðræðið og stöðu hverfisráðanna í borgarkerfinu.

4. Fram fer umræða um síðasta fund stjórnkerfis- og lýðræðisráðs á kjörtímabilinu.

Fundi slitið kl. 15:35

Halldór Auðar Svansson

Eva Einarsdóttir
Örn Þórðarson
Skúli Helgason

Eva Baldursdóttir
Herdís Anna Þorvaldsdóttir
Elín Oddný Sigurðardóttir